

# Hörgársveit

## SKIPULAG SORPHIRÐU

### Markmið

Markviss umhverfisvæn sorphirða með eins litlum tilkostnaði og unnt er.

### Helstu forsendur

- Kostnaður fyrir heimili, fyrirtæki og sveitarfélagið við meðhöndlun úrgangs hefur vaxið mikið á undanförunum árum og ætla má að kostnaðurinn muni vaxa enn á næstunni.
- Víðtæk samstaða um skipulagið er mikilvæg til að takast megi að halda aftur af fyrirsjáanlegri kostnaðaraukningu án þess að gefa afslátt að þeim umhverfislega ávinningi sem er af vel útfærðu skipulagi á meðhöndlun úrgangs.
- Lög um meðhöndlun úrgangs gera ráð fyrir að mestur hluti kostnaður við meðhöndlun úrgangs sé borinn af þeim sem „framleiða“ úrganginn. Í drögum að nýjum lögum er gert ráð fyrir að allur kostnaður sé borinn af „framleiðendum“. Því fer fjarri í Hörgársveit, eins og sakir standa, en gera verður ráð fyrir að lagaákvæði um þessi efni verði uppfyllt í fyllingu tímans.

### Almenn sorphirða heimila

#### Sorpílát:

Fyrir óflokkaðan úrgang, 2 möguleikar sem hér segir:

- eitt 240 lítra ílát
- eitt 360 lítra ílát

Fyrir flokkaðan úrgang, 2 möguleikar sem hér segir:

- eitt 240 lítra ílát
- eitt 360 lítra ílát

#### Tíðni losunar:

Óflokkaður úrgangur, á 2ja vikna fresti skv. sorpdagatali

Flokkaður úrgangur, á 4ra vikna fresti skv. sorpdagatali

### Almenn sorphirða stakra frístundahúsa

#### Sorpílát

Fyrir óflokkaðan úrgang, eitt 240 lítra ílát

Fyrir flokkaðan úrgang, eitt 240 lítra ílát

#### Tíðni losunar:

Óflokkaður úrgangur, á 2ja vikna fresti skv. sorpdagatali

Flokkaður úrgangur, á 4ra vikna fresti skv. sorpdagatali

Val er um að þjónusta falli niður á veturnum 1. október – 30. apríl

### Almenn sorphirða í frístundabyggðum (4 hús og fleiri saman)

#### Sorpílát:

Fyrir óflokkaðan úrgang, eitt 660 lítra ílát

Fyrir flokkaðan úrgang, eitt 660 lítra ílát

**Losunartíðni:**

Óflokkaður úrgangur, á 2ja vikna fresti skv. sorpdagatali

Flokkaður úrgangur, á 4ra vikna fresti skv. sorpdagatali

**Sérgreind sorphirða****Dýrahrae**

Gámar á þremur stöðum: (1) í malarnámu á Björgum, (2) við vegamót Hringvegarins og Hörgárdalsvegur og (3) í Hraukbæ.

Losunartíðni vikulega á sumrin, hálfsmánaðarlega á vetrum.

**Heyrúlluplast**

Söfnunarferðir mánaðarlega á vetrum (október – júní), skv. sorpdagatali

**Málmar**

Tvær söfnunarferðir á ári, í júní og í október, skv. sorpdagatali

**Timbur**

Tvær söfnunarferðir á ári, í júní og í október, skv. sorpdagatali

**Hjólbarðar**

Ein söfnunarferð á ári, í júní, skv. sorpdagatali

**Spilliefni** (rafgeymar, málningarafgangar o.fl.)

Ein söfnunarferð á ári, í september eða október, skv. sorpdagatali

**Ýmis atriði**

Beiðnir um breytingar á ílátastærð og upplýsingar berist í síma 860 6846 (starfsmaður þjónustustöðvar).

Almennur upplýsingafundur um sorphirðu og úrgangsmál haldinn í nóvember árlega.

Afgreitt af skipulags- og umhverfisnefnd 11. apríl 2012

Samþykkt af sveitarstjórn 16. maí 2012